
Aflaukning Hólsvirkjunar, Þingeyjarsveit Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 16. nóvember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Arctic Hydro um fyrirhugaða aflaukningu Hólsvirkjunar í Þingeyjarsveit úr 5,5 MW í 6,7 MW, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Þingeyjarsveitar, Minjastofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, Umhverfisstofnunar, Veðurstofu Íslands og Orkustofnunar.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Greinargerð með fyrirspurn um matsskyldu vegna aflaukningar Hólsvirkjunar í 6,7 MW. Arctic Hydro ehf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá: Þingeyjarsveit 21. desember 2021, Minjastofnun Íslands 10. desember 2021, Hafrannsóknarstofnun 4. janúar 2022, Fiskistofu 8. desember 2021, Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra 4. janúar 2022, Veðurstofu Íslands 15. desember 2021 og Orkustofnun 4. janúar 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 6. janúar 2022.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að árið 2016 hafi Arctic Hydro hafið matsferli vegna Hólsvirkjunar, 5,5 MW vatnsaflsvirkjunar í Fnjóskadal sem lauk með álitni Skipulagsstofnunar 11. júní 2018. Hólsvirkjun var gangsett haustið 2020. Við prófanir á hámarksálagi og afköstum reyndist hámarksrennsli hverfils allt að 3,2 m³/s og aflgeta 6,7 MW sem er 1,2 MW meira en framleiðsla virkjunarinnar í dag.

Fyrirhuguð framkvæmd felst í að auka virkjað rennsli Hólsvirkjunar og þar með auka framleiðslu virkjunarinnar um 1,2 MW. Ekki þarf að ráðast í neinar framkvæmdir og eru allir innviðir til staðar, hvorki þarf að breyta virkjuninni né raforkutenginum á nokkurn hátt. Aflaukningin mun fyrst og fremst nýtast að sumri þegar Hólsá er í yfirfalli, árleg orkuframleiðsla virkjunarinnar eykst ekki verulega.

4 UMHVRFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Arctic Hydro og umsögnum umsagnaraðila.



Vatnalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að Hólsá, Gönguskarðsá og Árbugsá séu samtals með skert rennsli á um 11 km kafla. Alls nýti Hólsvirkjun 65 km² af 119 km² vatnasviðs Árbugsár (55%). Einnig kemur fram að virkjunin taki allt rennsli yfir vetrartímann og að við aflaukninguna muni sá tími lengjast, einkum fyrri hluta vetrar en uppsprettur og lindarlækir séu fljót að bæta vatni í árfarveginn auk þess sem lífríki ána sé talið snautt og metur framkvæmdaraðili sem svo að áhrif á vatnalíf verði óveruleg.

Hafrannsóknarstofnun telur að þær breytingar sem hér um ræðir leggjast af auknum þunga ofan á þau áhrif sem metin voru í umhverfismati áhrifasvæðisins og að því sé mikilvægt að rekstraráform liggi fyrir í upphafi þegar umhverfisáhrif eru metin. Stofnunin leggur til að gerð verði úttekt á áhrifum virkjunarinnar á lífríki í vatni og hvort áhrifin samræmist því sem gengið var út frá í umhverfismati.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að í umhverfismati og sérfræðiskýrslum hafi alltaf verið gengið úr frá því að virkjunin myndi taka allt rennsli ána yfir vetrartímann, þar hafi því verið miðað við mestu mögulegu áhrif og að fyrirhuguð aflaukning lengi bara þann tíma sem að þeirra áhrifa gæti. Varðandi rekstraráform þá sé líftími og rekstartími vatnsaflsvirkjana margir áratugir og þó að hægt sé að áætla líklegt rekstrarform í grófum dráttum í upphafi, sé líklegt að alltaf verði einhverjar sveiflur í rekstri og notkun m.a. vegna ófyrirsjáanlegra breytinga á raforkumarkaði.

Hvað varðar lífríki í vatni þá kemur fram í svörum framkvæmdaraðila að í tengslum við umhverfismat framkvæmdarinnar hafi verið gerðar tvær lífríkisrannsóknir á áhrifasvæði virkjunarinnar og að í báðum þessum rannsóknum hafi verið gengið út frá því að virkjunin myndi taka allt rennsli ána yfir vetrartímann. Niðurstaða rannsóknanna hafi verið að virkjunin myndi hafa óveruleg áhrif á framleiðslu laxfiska og nytjar þeirra á vatnasvæðinu og að endanleg stærð virkjunarinnar skipti litlu máli í því samhengi.

Gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við aflaukninguna verði meira vatni hleypt í gegnum aðrennslispípuna en ekki þurfi að byggja eða breyta mannvirkjum og því engu landi raskað og áhrif á gróður á landi talin engin. Fram kemur að áhrif á bakkagróður séu talin talin óveruleg þar sem áhrif aflaukningarinnar séu mest á haustin en við þær aðstæður sé það lítið í ánum að þær fylli ekki út í farveginn og bakkagróðurinn því á þurru. Áhrif virkjunarinnar séu því aðallega þau að þetta tímabil lengist, einkum fyrir áramót. Við aflaukninguna verði áhrifasvæðið aðallega bundið við hundrað metra neðan við stífluna og umfang áhrifanna lítið og er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á gróður verði óveruleg.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að við aflaukningu Hólsvirkjunar gæti áhrifa gætt á fugla sem nýti sér árnar til fæðuöflunar eða búsetu. Jafnframt kemur fram að athuganir hafi verið gerðar árið 2017 á straumönd og gulönd á áhrifasvæði virkjunarinnar og hafi þær leitt í ljós að straumönd sé sjaldgæf á þessu svæði og ekki með kjörlendi þar og að gulönd sé líklega ekki árviss varpfugl á svæðinu auk þess að hún helgi sér stórt óðal svo ólíklegt sé að fleiri en ein kolla yrpi á áhrifasvæðinu. Framkvæmdaraðili telji því mjög ólíklegt að aukning á virkjuðu rennsli um 0,6 m³/s hafi teljandi áhrif á fuglalíf og eru áhrifið metin óveruleg.



5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2010-2022 en aflaukningin kallar á að tölur um raforkuframleiðslu og virkjað rennsli verði uppfærðar.

Framkvæmdin er háð leyfi Orkuskiptunar samkvæmt raforkulögum og starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Í umsögn Fiskistofu er bent á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 m frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða aflaukningu Hólsvirkjunar úr 5,5 MW í 6,7 MW. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum og nýtingar náttúruauðlinda sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, magns og getu náttúruauðlinda til endurnýjunar. Einnig ber að líta til álagspóls náttúrunnar, svo sem með tilliti til kjörlendis dýra og líffræðilegrar fjölbreytni sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til umfangs, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Áhrif aflaukningarinnar felast aðallega í því að rennsli skerðist neðan við stíflurnar tvær en sú skerðing er ekki stöðug þar sem einungis er hægt að keyra á þessu afli þegar fullt er í lónum og stíflur á yfirfalli. Í umhverfismatsferli Hólsvirkjunar var miðað við mestu möguleg áhrif og ná því þær upplýsingar yfir hin nýju virkjunaráform, það sem breytist er að sá tími sem þessara áhrifa gætir lengist. Ekki er þörf á neinum framkvæmdum við aflaukninguna og verða öll mannvirki óbreytt. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 1. mars 2022.

Reykjavík, 27. janúar 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir